

2005020033

1400; 9310

Stuðull verkfræði- og jarðfræðipjónusta  
Björn Jóhann Björnsson  
Reykjavíkurvegi 68  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 22. apríl 2005

/--

### **Efni: Sjóvörn við Hvaleyrarhöfða, Hafnarfirði. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Stuðuls f.h. Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar dags. 4. mars 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt sjóvörn við Hvaleyrarhöfða í Hafnarfirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 7. apríl 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 22. mars 2005, Siglingastofnun með bréfi dags. 10. mars 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. apríl 2005. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 15. og 29. mars og 7., 13. og 18. apríl 2005.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhugað framkvæmd.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að töluvert landbrot hafi átt sér stað við Hvaleyrarhöfða í Hafnarfirði. Gert sé ráð fyrir að byggja um 700 m langa sjóvörn upp við strandbergið og endurraða núverandi grjótvörn við norðanverðan höfðann. Fram kemur að sjóvörnin muni verða allt að 20 m breið og samanstanda af kjarnafyllingu og grjótkápu og ná upp í 4,7 m hæð (bæjarkerfi). Þykkt grjótvagnar sé miðuð við það ölduálag sem búast megi við á hverjum stað og miðað sé við að vörnin verði eins nálægt klettunum og unnt er. Fram kemur að ströndin sé mjög skorin og verði ekki unnt að láta sjóvörnina elta hverja einustu skoru og skvompu. Því sé fyrirhugað að fylla upp í þær skvompur sem myndist innan sjóvarnarinnar, sérstaklega yst á höfðanum og á honum vestanverðum, til að koma í veg fyrir að djúpir pollar eða pyttir myndist bak við hana. Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir að sléttfyllt verði frá fjöru og að yfirborði golfvallar á höfðanum eða að nýtt bjarg verði mótað. Fram kemur að á nokkrum stöðum séu hellar sem geti hrunið fyrirvaralaust og stafi slyshætta af þeim. Gert sé ráð fyrir að hellisþökin verði annað hvort fleyguð eða sprengd niður. Einnig þurfi að grafa og

fleyga berg fyrir fæti sjóvarnarinnar og geti sá uppgröftur nýst í kjarnafyllingu.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að aðkoma að framkvæmdasvæðinu verði frá Óseyrarbraut í Hafnarfirði. Byggður verður vegur yfir „rennu“ inn í Hvaleyrarlón í framhaldi af Óseyrarbraut. Í vegfyllinguna verði sett stórt ræsi til að tryggja vatnsskipti inn í Hvaleyrarlón. Í framhaldi af fyllingunni verði lagður vegur í fjörunni að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og gert ráð fyrir að heildarlengd vegar verði um 850 m og að hann verði byggður eins ofarlega í fjörunni og kostur er. Fram kemur að ekki sé um varanlega vegagerð að ræða, raski í fjörunni verði haldið í lágmarki og eftir framkvæmdirnar verði vegurinn fjarlægður og kjarnaefni komið fyrir í fyllingum á hafnarvæðinu. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að efnisþörf í sjóvörnina verði um 10.000 m<sup>3</sup>

vegna kjarnafyllingar, grjót um 26.300 m<sup>3</sup> og um 10.000 m<sup>3</sup> vegna þverunar rennunnar að Hvaleyrarlóni. Fram kemur að efni verði tekið úr opinni grjótnámu í Kapelluhrauni í landi Hafnarfjarðar.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að verkinu verði skipt í tvo áfanga. Ekki hafi verið ákveðið hvenær framkvæmdir hefjist en þær muni fara fram eftir að vorfari fugla lýkur eða á tímabilinu júní - ágúst. Mögulegt sé að endurraða núverandi ölduvörn eftir að byggingu sjóvarnarinnar lýkur en hún geti farið fram án þess að vegsamband sé yfir rennuna. Fram kemur að áætlaður kostnaður við byggingu sjóvarnarinnar sé um 87 milljónir króna.

**Áhrif á landnotkun.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Hvaleyrin sé áberandi í bæjarlandslaginu og þaðan sé útsýni gott yfir bæinn og Garðaholt. Golfklúbburinn Keilir hafi aðstöðu á ræktuðu landi Hvaleyrarhöfðans og smábátasjómenn við Hvaleyrarlón. Fram kemur að innsigling inn í Hvaleyrarlón komi til með að lokast og muni smábátasjómenn því ekki getað nýtt þá aðstöðu sem þeir hafa þar meðan á framkvæmdunum standi en þess í stað geti þeir geymt báta sína í smábátahöfninni. Efnisflutningar muni fara fram eftir Krýsuvíkurvegi, Ásbraut, Strandgötu og Óseyrarbraut inn á framkvæmdarsvæðið. Sé miðað við að á 3 mánaða framkvæmdatíma þurfi að flytja um 735 m<sup>3</sup> á hverjum degi muni umferð um göturnar aukast um 134 bíla á dag. Ekki sé talið að framkvæmdin muni hafa veruleg áhrif á umferðarpunga og hljóðvist á framkvæmdatíma.

**Sjónræn áhrif.** Fram kemur að ásýnd strandarinnar muni breytast verulega með tilkomu sjóvarnarinnar en reynt verði að draga úr sjónrænum áhrifum með því að hafa sjóvörnina eins lága og hægt sé. Fram kemur að ásýnd bergsins muni breytast þannig að þar sem áður voru hellar verði geil og muni fersk brotsár þar sem hellisþök hafi verið brotin niður sjást þangað til brotflötur veðrast.

**Áhrif á lífríki.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða séu á náttúruminjasrá. Þar sé auðugt dýralíf og svæðið mikilvægt sem áningarstaður farfugla og fjölsótt útivistarsvæði. Á veturna sæki mikið af vaðflugum til Hvaleyrarinnar, svæðið sé talið mikilvæg vetrarstöð á landsmælikvarða fyrir tjald, stelk og sennilega fleiri vaðflugla en notagildi svæðisins sé sennilega ekki mikið á vorin, nema ef vera kynni fyrir einhverja staðbundna stofna. Fram kemur að Líffræðistofnun Háskóla Íslands hafi gert athugun á fuglalífi og lífríki fjöru árin 1997 og 2003 og hafi helstu fuglategundir verið

rauðbrystingar, tjaldar, sendlingar, tildrur, bjartmávar, stelkar og sanderlur. Fjaran á mörkum Hvaleyrarhöfða og Hvaleyrargranda sé líklega það svæði sem hafi mesta þýðingu fyrir fugla, einkum fyrir vaðfugla í fæðuleit. Það sé mat Líffræðistofnunarinnar að ólíklegt sé að gerð varnargarðsins ein og sér nái yfir mikilvæg búsvæði fugla og þau búsvæði sem fuglar nýti helst við Hvaleyri skerðist lítið sem ekkert. Tekið er fram að álit Líffræðistofnunarinnar sé byggt á athugun sem gerð hafi verið að vetri til og þar með ekki útilokað að þessi svæði kunni að reynast mikilvægari á öðrum árstímum. Fram kemur að klóþangsfjörur með svipuðu yfirbragði og fjörurnar á Hvaleyri séu algengar á Suðurnesjum, einkum á norðanverðum Reykjaneskaganum allt til Reykjavíkur. Það sé mat Líffræðistofnunarinnar að varnargarðurinn geti haft veruleg áhrif á lífríki fjörunnar, a.m.k. tímabundið enda breytist ásýnd fjörunnar með tilkomu hans, en ekki sé talið að sjóvörnin muni hafa neikvæð áhrif á lífríkið. Ekkert bendi til þess að lífríki fjörunnar sé sérstætt eða sérstakt á einn eða annan hátt og sé talið að tegundir sem hugsanlega muni hverfa að mestu eða öllu leyti við framkvæmdirnar muni að öllum líkindum nema land fljótlega á grjótvörninni sjálfri. Fram kemur að þverun rennu að Hvaleyrarlóni muni hafa áhrif á lífríki fjörunnar undir fyllingunni en ekki sé ólíklegt að tegundir sem hverfa þegar þverunin verði lögð út muni nema land aftur þegar þverunin verði fjarlægð.

**Áhrif á menningaminjar.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifaskráning hafi farið fram á Hvaleyrarhöfða og nokkuð af búsetuminjum séu á svæðinu. Minjarnar séu flestar uppi á höfðanum og við klettabrúnir hans en engar minjar séu í fjörunni. Fram kemur að ekki sé talið að menningarminjum stafi hætta af fyrirhugaðri framkvæmd.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 sé gert ráð fyrir varnarmannvirkjum utan á Hvaleyri þar sem land hafi eyðst vegna sjávargangs. Fram kemur að tillaga að deiliskipulagi hafi verið lögð fyrir og samþykkt af skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar og kalli deiliskipulagið á breytingu á aðalskipulagi sem verið sé að vinna að.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins og Siglingastofnunar kemur fram að ekki sé talið líklegt að fyrirhuguð framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli hún því ekki sæta mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé ljóst hvaða áhrif fleygun og sprengingar á hellapökum muni hafa á ásýnd Hvaleyrarhöfða og telur stofnunin líkur á að það geti haft í för með sér umtalsverð áhrif á landslag.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguð framkvæmdasvæði sjóvarnargarðs við Hvaleyrarhöfða og að fornleifum muni ekki stafa hætta af framkvæmdunum. Hafnarfjarðarbær bendir á að ekki verði séð að framkvæmdin ógni menningarminjum á svæðinu en mikilvægt sé að verktaka verði kynnt staðsetning og lega þessara minja til að þeir megi forðast að hrófla við þeim.

**Sjónræn áhrif.** Hafnarfjarðarbær bendir á að sjóvarnargarðurinn muni hafa varanleg áhrif á ásýnd fjörunnar við Hvaleyrarhöfða. Því sé mikilvægt að vanda til hönnunar og lagningar

sjóvarnarinnar og skuli leita allra leiða til að sem minnst áhrif verði á landslag og ásýnd svæðisins. Fram kemur að Hafnarfjarðarbær hafi áhyggjur af því að niðurbrot hellamyndana muni hafa umtalsverð áhrif á ásýnd strandlengjunnar og muni bærinn því óska eftir því að skoðaðar verði aðrar leiðir til að tryggja öryggi á þessum stöðum. Bent er á að samkvæmt náttúrverndarlögum skuli við gerð mannvirkja gæta þess að þau falli sem best að svipmóti lands og hljóti sú krafa að taka til áhrifasvæðis framkvæmdarinnar auk mannvirkisins sjálfs. Hvaleyrin, þar með talið Hvaleyrarhöfði sé vinsælt útivistarsvæði og sé mikilvægt að gæta að heildaráhrifum á ásýnd landsins og formi höfðans.

Umhverfisstofnun bendir á að við vegalagningu á Hvaleyrargranda sé nauðsynlegt að standa þannig að verki að raski á gróðurlendi ofan fjörunnar verði haldið í lágmarki og unnt verði að afmá ummerki um veg á þessu svæði að verki loknu. Framkvæmdaraðili ráðgeri að fleyga eða sprengja þau hellisþök sem séu við fyrirhugað framkvæmdasvæði og telji stofnunin ljóst að slíkar aðgerðir geti haft umtalsverð sjónræn áhrif í för með sér. Ekki sé ljóst hversu víða þurfi að sprengja í berginu né hvernig ásýnd höfðans muni verða að sprengingum loknum. Umhverfisstofnun bendir á að væntanlega muni sjóvörnin að miklu leyti stöðva þau ferli sem valdið hafa hellamyndun í Hvaleyrarhöfða og að hrun í höfðanum yrði að sama skapi fátíðara. Með skiltum ofan bjargs og neðan á hættulegum stöðum megi vekja athygli á hrunhættu og draga á þann hátt úr slyshættu. Fram kemur að fyrirhuguð sjóvörn sé að mestu leyti með hefðbundnum hætti og við hönnun hennar hafi verið leitast við að hún liggji sem lægst og verði því eins lítið áberandi og kostur er. Vönduð vinnubrögð ættu að tryggja að ekki verði ummerki um framkvæmdir við Hvaleyrarlón og á Hvaleyrartanga að frágangi loknum. Fram kemur að áður en leyfi sé veitt fyrir framkvæmdinni þurfi að leita umsagnar Umhverfisstofnunar samkvæmt 38. gr. laga nr. 447/1999 um náttúruvernd.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki standi til að leggja bráðabirgðaveg ofan fjörunnar á Hvaleyrargranda og muni gróðurlendi ofan fjörunnar því ekki verða í hættu vegna framkvæmdarinnar. Ráðgert sé að aðkomuvegur í fjöru Hvaleyrargranda verði bráðabirgðavegur og verði ummerki eftir hann fjarlægð eftir að framkvæmdum lýkur. Í ljósi neikvæðrar umfjöllunar um fleygun og sprenginga á hellapökum hafi framkvæmdaraðili ákveðið að falla frá öllum hugmyndum um fleygun eða sprengingar á hellapökum við Hvaleyrarhöfða.

**Áhrif á lífríki.** Hafnarfjarðarbær bendir á að einhverjar breytingar verði á lífríki svæðisins fyrst eftir niðursetningu sjóvarnarinnar en líkur séu á að það verði tímabundnar breytingar og sennilegt að lífríkið komist í svipað horf innan skamms tíma og varanlegar breytingar verði minniháttar. Fram kemur að mestu áhrifin muni að líkindum stafa af lagningu tímabundins vegar yfir rennu að Hvaleyrarlóni og með strönd Hvaleyrarhöfða. Hætt sé við að þverun rennunnar muni trufla vatnsskipti í lóninu sem geti haft áhrif á fæðuframboð fyrir fugla auk þess sem umferð um þverunina muni hafa truflandi áhrif á lífríki. Því sé mjög mikilvægt að vatnsskipti í lóninu verði fullkomlega tryggð og verði fyrir sem minnstri truflun með því að huga vel að staðsetningu og afkastagetu ræsa sem lögð verði í þverunina. Fyrirhugaður vegur um strönd Hvaleyrarhöfða muni óhjákvæmilega breyta lífríki og ásýnd efsta hluta fjörunnar á meðan á framkvæmdinni standi en þær breytingar verði að líkindum tímabundnar og flest bendi til þess að lífríkið muni jafna sig að nokkrum tíma liðnum að lokinni framkvæmd. Engu að síður sé fyllsta ástæða til að vanda vel til verks við lagningu og ekki síður burtnám vegar og þverunar þannig að rask og

truflun verði eins lítið og hægt er. Ennfremur er vakin athygli á að ekki hafi verið fjallað um efnisflutninga á sjó sem valkost við framkvæmdina. Telji Hafnarfjarðarbær að það hefði átt að gera enda myndi það koma í veg fyrir mestu umhverfisáhrifin af framkvæmdinni þar sem óþarft yrði að þvera rennuna að Hvaleyrarlóni og leggja veg með strönd Hvaleyrarhöfða. Ennfremur kemur fram að verði sprengiefni notað við framkvæmdina sé þess vænst að það verði í algjöru lágmarki og utan varptíma fugla og að Hafnarfjarðarbær áskilji sér rétt til að setja kröfur um verklag og vönduð vinnubrögð í framkvæmdaleyfi m.a um:

- Starfsmenn verktaka fái fræðslu og upplýsingar um að svæðið er á náttúruminjaskrá og hvað þar þykir vert að vernda.
- Starfsmenn verktaka fái fræðslu og upplýsingar um staðsetningu og legu fornleifa og um hvernig menningarminjar er að ræða.
- Að tryggt verði að vatnaskipti í Hvaleyrarlóni verði fyrir sem minnstri röskun.
- Að við framkvæmdina verði þess gætt að umhverfisáhrif verði eins takmörkuð og hægt er.
- Að sérstaklega verði skoðað hvort aðra leiðir komi til greina við efnisflutninga, þar á meðal hvort efnisflutningar af sjó á framkvæmdastað sé raunhæfur valkostur.
- Að við burtnám vegar í fjöru við Hvaleyrarhöfða og þverun Hvaleyrarlóns verði gætt að því að svæðið verði eins nærri upprunalegu ástandi og unnt er þannig að svæðið geti færst sem næst fyrra horfi á sem skemmstum tíma.
- Að tímasetning framkvæmdar stjórnist af því hvenær líkur eru á að af hljótist minnst röskun fyrir lífríkið á svæðinu.
- Að hugað verði að heildaráhrifum á ásýnd lands á meðan á framkvæmd stendur og að henni lokinni.
- Að skoðaðir verði vandlega aðrir kostir en niðurbrot til að tryggja að hellamyndanir hrynji ekki fyrirvaralaust.
- Að hugað verði sérstaklega að akstri með efni í framkvæmdina út frá umferðaröryggi og ónæði fyrir íbúa.
- Mikilvægt er að starfsmönnum við framkvæmdina verði gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem sett verða, gerð grein fyrir því að þeir starfa á svæði sem er á náttúruminjaskrá, þess gætt við framkvæmdina að rask verði eins lítið og mögulegt er og að starfsmenn virði náttúruna og sérkenni hennar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að efnisflutningar af sjó muni vafalítið hafa í för með sér meira rask og skemmdir á fjörunni en framkvæmdin eins og hún sé fyrirhuguð. Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að vegna grynninga við höfðann komist þrammi ekki nær fjörunni en 80-100 m og þyrfti að byggja veg á fyllingu út á losunarstaðinn til að ná í efnið. Talið sé að sú fylling verði umfangsmeiri en fyrirhuguð fylling yfir rennuna að Hvaleyrarlóni, fyllingin verði á opnu hafi og því þurfi að grjótvörja hana, gera þurfi aðkomuleið fyrir tæki að framkvæmdasvæðinu og kæmu sjóflutningar á efni ekki í veg fyrir umferð tækja í fjörunni. Því sé talið að stærri hluti fjörunnar verði fyrir raski. Ennfremur kemur fram í frekari gögnum framkvæmdaraðila að óhagræði yrði af því flytja efni sjóleiðis. Framkvæmdin yrði háð veðri því ekki sé hægt að sigla svo grunnt nema í logni og kæmist þramminn aðeins örfáar ferðir á hverju flóði. Einnig sé talið að kostnaður við efnisflutninga á sjó verði meiri. Fram kemur að grjót til framkvæmdarinnar verði tekið í námu í Kapelluhrauni þannig að efnisflutningar á sjó muni ekki minnka landflutninga. Gert sé ráð fyrir að stærstur hluti slóða og athafnasvæðis vinnutækja í fjöru Hvaleyrarinnar muni lenda undir grjótvörninni og verði vandað til við lagningu vegarins og upptöku hans eins og kostur er. Fram kemur að Hafnarfjarðarbær sé framkvæmdaraðili og geti að sjálfsögðu sett í útboðsgögn skilyrði sem varða framkvæmdina.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugað sé að framkvæmdin fari fram utan þess tíma sem farfuglar nýti svæðið sem mest og telur stofnunin nauðsynlegt að slíkt verði gert til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf. Fram komi í athugun Líffræðistofnunar Háskólans að

fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa bein áhrif á þau svæði sem líklega séu mest nýtt af farfuglum og sé talið að þær lífverur og sá gróður sem nú sé að finna í þeim hluta fjörunnar sem raskað verði við framkvæmdina muni fljótlega nema land að nýju á sjóvörninni.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Hafnarfjarðarbær bendir á að tillaga að deiliskipulagi fyrir Hvaleyrri hafi verið lögð fyrir og samþykkt í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar þann 18. janúar 2005 og að deiliskipulagið kalli á breytingu á aðalskipulagi.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða um 700 m langa, allt að 20 m breiða og 4,7 m háa sjóvörn upp við strandbergið á Hvaleyrarhöfða í Hafnarfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar muni einkum lúta að lífríki svæðisins og breytingum á ásýnd þess. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er Hvaleyrin mikilvæg vetrarstöð fyrir farfugla og einnig er töluverð útivist stunduð á svæðinu.

Efnisflutningar og aðkoma að framkvæmdasvæðinu verður um bráðabirgðaveg sem lagður verður yfir rennu að Hvaleyrarlóni og með strönd Hvaleyrarhöfða. Hafnarfjarðarbær hefur lagt til að skoðað verði hvort efnisflutningar af sjó á framkvæmdastað sé raunhæfur kostur en við það þarf ekki að þvera rennuna að Hvaleyrarlóni og leggja veg með strönd Hvaleyrarhöfða. Framkvæmdaraðili hefur lagt fram gögn sem sýna að efnisflutningar af sjó muni hafa í för með sér meira rask á fjörunni en lagning bráðabirgðavegar yfir rennu að Hvaleyrarlóni og meðfram norðanverðri strönd Hvaleyrarhöfða. Skipulagsstofnun tekur undir með Hafnarfjarðarbæ um að hætta sé á að þverun rennunnar muni hafa áhrif á vatnsskipti í lóninu sem geti haft áhrif á fæðuframboð fyrir fugla auk þess sem umferð um þverunina geti valdið ónæði fyrir lífríki. Tryggja þarf að vatnsskipti í Hvaleyrarlóni verði fyrir sem minnstum áhrifum meðan á framkvæmdum stendur og þarf því að huga vel að staðsetningu og afkastagetu ræsis í vegfyllingunni. Framkvæmdaraðili hefur í kjölfar umsagna Hafnarfjarðarbæjar og Umhverfisstofnunar fallið frá áformum um fleygun og sprengingar á hellapökum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Framkvæmdaraðili hefur lagt fram framkvæmdatilhögun sem m.a. varðar tímasetningu framkvæmdanna og tekur hún mið af því að dregið sé úr raski á lífríki á svæðinu og heildaráhrifum á ásýnd lands og að gengið verði þannig frá svæðinu eftir að framkvæmdum lýkur að það verði sem næst upprunalegu ástandi. Í ljósi framlagðra gagna telur Skipulagsstofnun að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á ásýnd og lífríki svæðisins. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa veruleg áhrif á menningarmínjar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðarhafnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvörn við Hvaleyrarhöfða í Hafnarfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdinni þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. maí 2005.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Hafnarfjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun.